

Skipulagsskrá

fyrir

Sjóð Friðriks Bjarnasonar og Guðlaugar Pétursdóttur

1. grein

Sjóðurinn heitir Sjóður Friðriks Bjarnasonar og Guðlaugar Pétursdóttur og er stofnaður af Friðriki Bjarnasyni og Guðlaugu Pétursdóttur, sem eftir sinn dag ánöfnuðu Hafnarfjarðarbæ eignir sínar samkvæmt erfðaskrá frá 29. apríl 1960, en í henni var kveðið á um að hluti þeirra eignar skyldi renna til stofnunar sjóðsins.

2. grein

Hlutverk sjóðsins er, sbr. ákvæði í erfðaskrá:

- Að efla tónlistarlíf í Hafnarfirði með þeim hætti er best þykir fara hverju sinni, þó einkum til eflingar sönglífs í bænum.
- Að styrkja nemendur til tónlistarnáms og fræðimenn í tónlist.

3. grein

Sjóðurinn skal vera í vörslu Hafnarfjarðarbæjar og öll fésýsla varðandi hann í höndum fjármálasviðs bæjarins. Reikningar sjóðsins skulu fylgja ársreikningum bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og endurskoðaðir af sömu mönnum og þeir. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Hafnarfirði.

4. grein

Sjóðinn skal varðveita á sem traustastan og arðsamastan hátt og skulu ákvarðanir þar að lútandi vera á ábyrgð fjármálasviðs Hafnarfjarðarbæjar.

5. grein

Hluta af tekjum sjóðsins, sbr. 9. grein, skal úthluta árlega af þriggja manna nefnd kosinni til fjögurra ára af bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Nefndin skal skipuð mönnum sem hafa þekkingu á tónlistarmálum eða eru kunnir fyrir sérstakan áhuga á þeim. Nefndin skal halda gerðarbók og skrá þar ákvarðanir sínar um úthlutanir úr sjóðnum.

6. grein

Tekjur sjóðsins eru nú vextir af tveimur bankareikningum í Sparisjóði Hafnarfjarðar, sölutekjur af nótnabókinni *Tónsmíðar*, höfundarréttargreiðslur vegna laga Friðriks Bjarnasonar og texta Guðlaugar Pétursdóttur, svo og frjáls framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum ef til koma.

7. grein

Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins, t.d. auglýsingar vegna styrkumsókna, skal greiddast úr bæjarsjóði.

8. grein

Úthlutunarnefnd sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í dagblöðum og bæjarmálablöðum og annast úthlutun þeirra. Við það skal miðað að styrkþegar séu búsettir í Hafnarfirði eða starfi þar að tónlistarmálum. Fjöldi styrkþega hverju sinni er háður ákvörðun sjóðsstjórnar.

9. grein

Umsóknir skulu hafa borist stjórn sjóðsins fyrir 1. nóvember ár hvert. Styrkveiting fer fram á fæðingardegi Friðriks Bjarnasonar hinn 27. nóvember sama ár. Styrkveitingar geta samtals numið allt að 90% vaxta sjóðsins á síðasta almanaksári fyrir úthlutun.

10. grein

Ákvæðum skipulagsskrár þessarar má breyta ef tveir af þremur stjórnarmönnum sjóðsins eru því samþykkir. Þess skal þó ávallt gætt að höfuðtilgangi sjóðsins, sbr. 2. grein, verði aldrei raskað.

11. grein

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

12. grein

Skipulagsskráin er samin í samræmi við erfiðaskrá hjónanna Friðriks Bjarnasonar og Guðlaugar Pétursdóttur, dagsett 29. apríl 1960 og staðfest á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar Því til staðfestu rita bæjarstjóri og forseti bæjarstjórnar nöfn sín hér fyrir neðan.

Hafnarfirði, ????

Sign bæjarstjóri

Sign forseti bæjarstjórnar